

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 1 800.00 í opnunargjald.
2. Ef fundinn er óleyfilegur rafbúnaður eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefir bætt úr því og greitt kr. 1 800.00 í opnunargjald.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Notendum skal skylt að gefa upp tölur á kWst. mælum í síma þegar óskað er en reglulegur aflestur og reikningsskil fara fram ársfjórðungslega.
Reikningur fyrir raforku er gjaldfallinn um leið og hann hefur borist notanda.
2. Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna, súgurrkunarbásara og heyblásara eða takmarkað notkun slíkra straumfrekra tækja við tiltekna tíma sólarhrings.
3. Hreppsnefndum er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari í samræmi við kaupgjald og verðlag, að fenginni heimild ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

VI. ANNÆÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í gjaldskráarliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskráarlið A. Gjaldskrárverðið breytist til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku-lögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 438 24. september 1975.

Íðnaðarráðuneytið, 15. febrúar 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

7. febrúar 1977.

Nr. 114.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Kópaskers.

1. gr.

Vatnsveita Kópaskers er sjálfstætt fyrirtæki, sem Presthólahreppur á og rekur og hefur einkaleyfi til sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við oddvita og hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd skulu vera þrjú menn og aðrir þrjú til vara. Vatnsveitunefnd skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Þegar vatnsveitukerfið hefur verið byggt og aðalvatnsæðar lagðar, skal hverjum húseiganda og vatnsnotanda heimilt að tengja vatnsæð við hús sitt, enda sæki hann um það til vatnsveitunefndar.

4. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við allar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvél í samband við veituna nema með samþykki vatnsveitunefndar.

5. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni og lokað getur hún fyrir vatnið, ef þörf krefur vegna hreinsunar og viðhalds á vatnsveitukerfinu. Tilkynna skal fyrirfram um slíka lokun, ef mögulegt er. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

6. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka, án fyrirvara, fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga eða brjóta á annan hátt gegn reglugerð þessari.

7. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

8. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum, auk þess sem honum er skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati vatnsveitunefndar.

9. gr.

Hver sá, sem veldur skaða eða skemmdum á vatni eða veitukerfi, greiðir fullar fébætur auk sekta, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

10. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerða. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi svo fljótt sem við verður komið bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera það á hans kostnað.

11. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.60% — núll komma sex af hundraði — af fasteignamatsverði árlega.

12. gr.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða, sem hér segir:

- | | |
|---|-----------|
| 1. Fyrir hvern stórgrip, sem inni er að vetri | kr. 90.00 |
| 2. Fyrir hverja sauðkind, sem inni er að vetri | — 6.00 |
| 3. Fyrir hverja sauðkind, sem slátrað er í sláturhúsi | — 6.00 |
| 4. Fyrir hvern stórgrip, sem slátrað er í sláturhúsi | — 30.00 |

Heimilt er að leggja vatnsskatt á hverja skrásetta bifreið á Kópaskeri, ef aðstaða er til þvotta. Fyrir önnur vatnsnot hverju nafni, sem nefnast, skal greiða eftir samkomulagi við yfirstjórn vatnsveitunnar.

13. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 150.00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal vera kr. 150.00 fyrir fiskiskip og kr. 300.00 fyrir önnur skip.

14. gr.

Stofngjald húsa, þegar heimæð er tengd skal ákveðið af hreppsnefnd árlega.

15. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á, að vatnsskattur sé greiddur af vatnsskattsskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans.

16. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og einstökum liðum fyrir eitt ár í senn.

17. gr.

Hreppsnefnd getur krafist þess, að fyrirtæki og aðrir vatnsnotendur, greiði vatnsskatt eftir mæli. Ber þá hverjum vatnsnotanda að greiða andvirði vatnsmælis, uppsetningu og viðhald, svo og vatnsskattinn sjálfan eftir nánari ákvæðum hreppsnefndar.

18. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og endurskoðast reikningar af endurskoðendum hreppsins árlega. Vatnsskatturinn samkvæmt 11. og 12. gr. að viðbætti 16. gr. ef til kemur, innheimtist af oddvita um leið og útsvör og aðrar skatttekjur Presthólahrepps og er skylt að greiða eigi síðar en 31. desember ár hvert.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af brotum gegn reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er af hreppsnefnd Presthólahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.